

**Ed.**

**288. Frumvarp til laga**

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. másl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. másl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.
3. Í stað „140 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. másl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. másl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.
7. Í stað „127 500 kr.“ og „255 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 159 380 kr. og 318 760 kr.
8. Í stað „500 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 630 kr.
9. Í stað „28 000 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 35 000 kr.
10. Í stað „4 000 000 kr.“ og „8 000 000 kr.“ í 3. másl. 3. mgr. komi: 5 000 000 kr. og 10 000 000 kr.

2. gr.

Í stað „36 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 45 000 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem ekki er yfir 200 000 kr. skal reikna 20%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr. skal reikna 31%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns sem er umfram 400 000 kr. skal reikna 44%.  
Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 35 000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna:

1. Í stað „6 000 kr.“ og „9 000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 7 500 kr. og 11 250 kr.
2. Í stað „12 000 kr.“ í 3. másl. 1. mgr. komi: 15 000 kr.
3. Í stað „6 000 kr.“ í 4. másl. 1. mgr. komi: 7 500 kr.

6. gr.

Í stað „250 000 kr.“ og „500 000 kr.“ í 2. másl. 78. gr. laganna komi: 312 500 kr. og 625 000 kr.

7. gr.

Í stað „780 000 kr.“ í 83. gr. laganna komi: 975 000 kr.

8. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tl. A-liðs, 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þessa árs.